



ÁRSSKÝRSLA 2007
NÁMSGAGNASTOFNUN



ÁRSSKÝRSLA 2007
NÁMSGAGNASTOFNUN

EFNISYFIRLIT

<i>Formáli</i>	3
<i>Kynningarstarf</i>	4
<i>IGEP</i>	6
<i>ICEM</i>	6
<i>Norræn námsefniráðstefna í Visby í Svíþjóð</i>	7
<i>Námsefnis- og framleiðsluvið</i>	7
<i>Frumútgáfur ársins 2007</i>	9
<i>Samantekt</i>	13
<i>Ársreikningur fyrir árið 2007</i>	14
<i>Efnahagsreikningur 31. desember 2007</i>	14
<i>Rekstrarreikningur fyrir árið 2007</i>	14

ÁRSSKÝRSLA 2007

Námsgagnastofnun
Reykjavík 2008
Umsjón: Eiríkur Grímsson
Prentvinnsla: Litróf – Hagprent



FORMÁLI

Með nýjum lögum um námsgögn, sem tóku gildi þann 17. mars 2007, breyttist staða námsefnisgerðar fyrir grunnskóla frá því fyrirkomulagi sem verið hefur við lýði síðan 1937. Ríkisútgáfa námsbóka og síðar Námsgagnastofnun hafa fram til þessa svo til alfarið séð grunnskólum fyrir námsefni en frá og með árinu 2007 fá skólarnir fjárveitingu til að kaupa námsefni frá öðrum útgefendum, auk þess efnis sem þeir fá endurgjaldslaust, en að eigin vali, hjá Námsgagnastofnun.

Við fyrstu sýn breytir þetta ekki miklu fyrir starfsemi Námsgagnastofnunar. Hún hefur áfram svipaðar fjárveitingar og heldur áfram að gefa út námsefni fyrir allar greinar og alla aldurshópa grunnskólans.

Eina ábreifanlega breytingin er að stofnunin hættir nú að nota hluta af fjárveitingu sinni til að kaupa efni af öðrum útgefendum og afhenda það ókeypis til skólanna. Þetta annast skólarnir nú sjálfir.

En það fer ekki hjá því að þessi nýja staða vekur spurningar um áherslu og forgangs röðun í útgáfunni. Á stofnunin að einbeita sér að einhverju einu sviði frekar en öðru og reikna með að markaðurinn sjái um það sem á vantar? Á stofnunin fyrst og fremst að gefa út grunnefni og ætla öðrum ítarefni eða á stofnunin að leggja aukna áherslu á stafrænt efni og reikna með að aðrir gefi út bækur? Á stofnunin að draga sig í hlé ef út kemur á markaði nýtt efni í námsgrein eða á hún að keppa við markaðinn um gæði og þjónustu? Svona mætti áfram spyrja. En við þessum spurningum finnast ekki einföld svör og enn er heldur ekki ljóst hvernig aðrir bókaútgefendur muni bregðast við þessu tækifæri. Tíminn einn leiðir í ljós hvaða áhrif þessi breyting hefur á úrval og gæði námsefnis, og svo það hvað skólarnir fá af námsefni fyrir það fjármagn sem varið er til þessa málaflokks.

Ný stjórn Námsgagnastofnunar var skipuð 27. júní 2007. Stjórnin er þannig skipuð:

Björg Pétursdóttir, án tilnefningar, formaður,
Gunnar Gíslason, fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga, varaformaður,
Ólafur Loftsson, fyrir Kennarasamband Íslands,
Reynir Daníel Gunnarsson, fyrir Kennarasamband Íslands,
Sigurgrímur Skúlason, fyrir Heimili og skóla.

Stjórnin hefur nýtt fyrstu fundi sína m.a. til stefnumótunarvinnu í ljósi breyttra aðstæðna.

Á árinu 2007 var mikil gróska í útgáfunni og fjölbreytt úrval námsefnis var gefið út á bókum, vef og mynddiskum. Nánar er sagt frá því á bls. 7-8.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir.



Ingibjörg Ásgeirsdóttir.



Verðlaunaafhending í nýyrðasamkeppninni *Nýyrði vantar*. Hér eru verðlaunahafinn Guðrún Ingibjörg Þorgeirsdóttir nemi í Hagaskóla og Hörður Kristinsson (t.h.) sem tók við verðlaunum sonar síns, Halldórs Bergs Harðarsonar, ásamt Jóni Guðmundssyni sem hafði umsjón með keppninni.

KYNNINGARSTARF

Kynningar

Árið byrjaði á undirbúningi árlegrar uppskeruhátíðar starfsmanna, höfunda, teiknara og lesara sem komið höfðu að útgáfum árið 2006. Það voru um 60 manns sem mættu og áttu saman góða stund. Í þessu boði var nýtt kynfræðsluefni kynnt eftir Ásdísi Olsen og Karl Ágúst Úlfsson sem hlaut síðar íslensku menntaverðlaunin. Einnig var kynnt *Kortavefsjá Íslands* með myndum Mats Wibe Lund.

Í janúar voru veitt þrenn verðlaun í nýyrðasamkeppninni *Nýyrði vantar* sem Námsgagnastofnun og Málstöð Stofnunar Árna Magnússonar stóðu fyrir í tilefni dags íslenskrar tungu í nóvember 2006.

Þegar þessu lauk tók við daglegt amstur, senda út kynningar, fara á sýningar, senda fulltrúa á kynningar, meðal annars í KHÍ. Skólum á Reykjavíkursvæðinu var boðið upp á stuttar kynningar á vef Námsgagnastofnunar og 29 skólar þáðu boðið árið 2007. Sjö kynningarbæklingar voru gefnir út á árinu og sjö dreifibréf sem fara í alla skóla auk þess að birtast rafræn á heimasíðunni.

Á öskudaginn var sýning á nýju námsefni á Hilton hótelinu en þar voru um 600 kennarar á vegum Menntasviðs Reykjavíkurborgar.

Í mars stóð Námsgagnastofnun fyrir námsefnis- og gagnakynningu í Kennaraháskólanum. Kynningin bar heitið *Námsefni í íslensku sem öðru tungumáli og fjölmennig – á öllum skólastigum* og var efnt til hennar í samvinnu við Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíðahverfis, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitishverfis og KHÍ.

Í ágúst var svo árleg sýning á öllu efni stofnunarinnar haldin í Árbæjarskóla. Einnig voru haldnir þar 12 fræðslufundir fyrir kennara tengdir nýju efni. Aðsókn var mun meiri en undanfarin ár.

Námsgagnastofnun tók einnig þátt í haustþingum kennarafélaganna og sendi fyrirlesara og/eða sýningar á öll þing. Tæplega 1900 kennarar tóku þátt í fræðslufundum á árinu.



Frá sýningunni í Árbæjarskóla.

Heimasíðan

Send var hvatning til skóla um að hafa krækju á vef stofnunarinnar á heimasíðu sinni. Þetta gaf góða raun því í lok ársins höfðu bæst við 50 skólar með slíka tengingu og voru þá orðnir 144.

Auk dreifibréfa og heimasíðunnar er póstlistinn það samskiptatæki sem mest er notað til þess að hafa samband við kennara og aðra áhugamenn um starfsemi stofnunarinnar. Í lok ársins 2007 voru tæplega 2400 netföng skráð á listann.

Mælanleg aukning er á notkun vefjarins www.nams.is en notkunin mætti vera meiri og þarf að gera átak í kynningu á honum og því efni sem hann hefur að geyma árið 2008.

Auglýsingar

Námshagnastofnun auglýsti reglulega í fagtímaritum kennara og sérblöðum. Á síðastliðnu ári var auglýst í fjölmiðlum auk þess sem viðtöl við starfsmenn birtust þar sem fjallað var um stofnunina og starfsemi hennar.

Ellen Klara Eyjólfsdóttir,
kynningarstjóri

IGEP

Alþjóðleg ráðstefna námsefnisútgefanda, IGEP, var haldin í Potsdam í Þýskalandi dagana 6.–9. júní. Ráðstefnan hófst með stjórnarfundum þar sem farið var yfir stöðu mála hjá forlögnum, skipulag ráðstefnunar, fjallað var um þátttöku landanna og mismunandi framlög þeirra og boðað til næsta fundar í Frankfurt í október. Gestur fundarins var forstjóri fyrirtækisins Young Digital Poland en hann kynnti fyrirtæki sitt með það fyrir augum að það yrði meðlimur í IGEP-samtökunum. Var honum vel tekið og síðar á fundinum var ákveðið að bjóða fyrirtækinu þátttöku sem hann svo þáði. Því mun Pólland bætast í hópinn á næsta fundi samtakanna með formlegum hætti.

Á ráðstefnunni voru tvö meginþemu til umfjöllunar. Annars vegar voru það stafrænar útgáfur og sérstaklega það sem kallað er á ensku *Blended Learning* eða námsefnispakkar þar sem blandað er saman bókum og stafrænum útgáfum og hvor útgáfuaðferð notuð til þess sem hún hentar best. Það er orðið mjög algengt hjá þessum forlögum að gefnar séu út bækur og með þeim fylgi tengt efni á stafrænu formi, verkefni, leiðbeiningar eða ítarefni. Það er þó ekki algilt og enn eru bækurnar í flestum tilfellum grunnefnið. Nokkrir fulltrúar kynntu nýjar útgáfur og aðrir fjölluðu um hvernig gengi að selja netefni en það gengur enn frekar treglega.

Hitt meginþema ráðstefnunar var „viðskiptavinurinn“. Byrjað var á almennri umfjöllun um hvernig komið er á sambandi við viðskiptavinina og hvernig því er viðhaldið. Síðan var sagt frá nokkrum tölvukerfum sem fyrirtækin nota til að halda utan um upplýsingar um viðskiptavinina og loks var fjallað um starf sölufulltrúa og mannauðsstjórnun í því samhengi. Öll fyrirtækin í IGEP nema Námsgagnastofnun selja námsefni sitt á samkeppnismarkaði og er þeim því umhugað um sölu- og markaðsmál. Þetta var þó í fyrsta sinn sem fjallað er svo ítarlega um þau mál í öllum hópnum, hingað til hafa þeir sem starfa að markaðsmálum haldið sérstaka fundi í sínum hópi.

Í lok ráðstefnunnar tóku Danir við stjórninni og munu halda næstu ráðstefnu í Danmörku í júní 2008.

ICEM

Árleg ráðstefna ICEM-samtakanna, sem eru alþjóðleg samtök um rafræna miðla og fræðsluefni, var að þessu sinni haldin í Nikósíu á Kýpur dagana 20.–22. september. Ráðstefnan var skipulögð í samstarfi við CARDET, sem er rannsóknastofnun á sviði kennslutækni og rafrænna miðla. Ráðstefnan var haldin í húsakynnum Intercollege háskólans í Nikósíu og var yfirskrift hennar Educational Media and Innovative Practices: Challenges and Visions. Tryggvi Jakobsson útgáfustjóri, sem sæti á í stjórn ICEM, sótti ráðstefnuna fyrir Íslands hönd.



NORRÆN NÁMSEFNISRÁÐSTEFNA Í VISBY Í SVÍÐJÓÐ

Ráðstefnan, sem haldin var dagana 9.–12. ágúst 2007, hófst með því að gestum var kynnt saga og menning Gotlands og Hansatímabilsins þar. Síðan voru fyrirlestrar um nám á tímum stafrænnar tækni, ástandið á norræna námsefnismarkaðinum, rannsóknir á vegum OECD um tölvunotkun ungmenna og fleira. Þá sátu þrír kennarar fyrir svörum í umfjöllun um kröfur kennara til námsefnis.

Á ráðstefnunni kom ítrekað fram að skólar þættu seinir til að nýta sér stafrænt námsefni við kennslu. Margir skólar eru illa búnir tækjum og kennarar eru á eftir nemendum sínum í tæknilegri færni þó margir haldi því fram að þeir séu tilbúnir til aukinnar tölvunotkunar. Höfundaréttarmál eru sömuleiðis í ólestri. Hins vegar virtust útgefendur bjartsýnir og ákveðnir í að halda áfram útgáfu á stafrænu námsefni og sannfærðir um að ekki verði aftur snúið.

Mjög vel var að ráðstefnunni staðið og hún var í alla staði gagnleg og ánægjuleg. Ráðstefnuna sóttu Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Eiríkur Grímsson.

NÁMSEFNIS- OG FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Verkefni ársins voru að mestu hefðbundin, það er að segja undirbúningur og áætlanagerð vegna nýrra viðfangsefna, ritstjórn þeirra, hönnun, umbrot og umsjón með endurskoðun eldra efnis. Á námsefnis- og framleiðslusviði starfa alls 15 manns en að verkefnum sviðsins kemur árlega mikill fjöldi höfunda, myndgerðarfólks, hönnuða, forritara, prenttæknifólks, tæknimanna og ráðgjafa sem starfa utan stofnunar. Þann 1. desember færði Ellen Klara Eyjólfsdóttir ritstjóri sig um set er hún tók við starfi Hrafnhildar Hafsteinsdóttur kynningarstjóra sem lét af störfum. Ellen sinnir þó eftirleiðis ritstjórn í dönsku en við ritstjórn í samfélagsgreinum tók Guðbjörg Kristmundsdóttir. Um leið og Hrafnhildi eru þökkuð vel unnin störf og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi er Guðbjörg boðin velkomin til starfa.

Fræðslumyndir á vef

Á árinu var boðið upp á nærri 50 titla af fræðslumyndum til niðurbrot af vef stofnunarinnar og mæltist sú nýjung vel fyrir. Myndirnar eru vistaðar í svonefndum DRM-hugbúnaði og þurfa skólar að nálgast aðgangsorð á vefnum til að nýta sér á vefnum til að nýta sér þessa nýjung. Stefnt er að því að fjölga titlum á vefnum á næsta ári.

Útgáfan

Árið 2007 var óvenju gjöfult hvað varðar útgáfu nýs námsefnis. Til verkefna námsefnis- og framleiðslusviðs var varið samtals tæplega 204 milljónum króna á árinu og nýttist rúmum helmingur þess til nýrra viðfangsefna. Í vinnu höfunda og myndgerðarfólks fóru 46,3 milljónir króna. Sex milljónum var varið í gerð og útgáfu fræðslumynda, 23,8 milljónum í gerð og útgáfu rafræns námsefnis og rúmum 127,5 milljónum í prentun og aðra framleiðslu. Alls komu út 365 titlar á árinu 2007. Þar af voru 88 frumútgáfur, 31 endurútgáfa og 244 endurprentanir. Af frumútgáfum voru 66



titlar prentað mál, 19 hljómdiskar og þrjár fræðslumyndir (DVD, VHS og í niðurlagi). Á vef stofnunarinnar komu út 10 nýir námsvefir og gagnvirkt efni, 15 kennsluleiðbeiningar og 19 verkefni til útprentunar, auk efnis sem er hluti af síútgáfu á vefnum. Samtals komu því út á árinu 2007 411 titlar sem gefnir voru út í tæplega 660 þúsund eintaka upplagi.

Meðal nýs námsefnis sem gefið var út á árinu 2007 má nefna *Tænk* sem er nýtt námsefni í dönsku fyrir 8. bekk grunnskóla. Auk nemendabókar fylgir efninu vinnubók í tveimur hlutum, hlustunarefni, hljóðbók og kennsluleiðbeiningar. Í ensku var bætt við efni í nýja námsefnisflokknum *Matrix* fyrir unglingastig og var í lok árs boðið upp á *Matrix Foundation* fyrir 8. bekk og *Pre-Intermediate* fyrir 9. bekk. Í íslensku var haldið áfram útgáfu lestrarefnis, m.a. komu út fjórar bækur í flokknum *Smábækur* og bókin *Völusteinn* sem er sjálfstætt framhald af bókunum *Sögusteinn* og *Óskasteinn*. Þá kom út á árinu nýtt námsefni fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku er nefnist *Kæra dagbók*. Efninu fylgir hljóðbók og ítarefni og ábendingar á vef til kennara. Til sérkennslu var gefið út *Sagnorðaspilið* sem er mál- og talörvunarspil og *Listen first 3*, sem er enskunnámsefni fyrir unglingastig, ásamt framhaldi bóka í flokknum *Listin að lesa og skrifa*.

Í samfélagsgreinum kom út ný landafræði á miðstigi: *Ísland – veröld til að njóta* og aukin og endurskoðuð útgáfa af *Kortabók handa grunnskólum* leit dagsins ljós. Áfram var haldið útgáfu nýs stærðfræðiefnis fyrir unglingastig grunnskóla, *Átta – tíu*, og komu bækur 4 og 5 út á árinu 2007. Loks má geta þess að í tónmennt kom út viðamikilið námsefni um blús- og rokktonlist sem ætlað er mið- og unglingastigi. Heitir það *Hljóðspor* og samanstendur af vænni nemendabók ásamt hlustunarefni á fjórum geisladiskum.

Meðal þess helsta sem kom út af rafrænu efni á árinu má geta um kennsluvefinn *Handritin heima* sem auðveldar kennurum og nemendum að vinna með vefsíðu um miðaldahandritin og vefinn *Miðbjörg*, sem ætlaður er til móðurmálskennslu á miðstigi. Þá kom út kennsluvefur um mannréttindi, *Allir eiga rétt*, sem gefinn var út í samstarfi við UNICEF á Íslandi. *Lönd heimsins* er vefur sem veitir yfirgripsmiklar upplýsingar um lönd heimsins og *Kortavefsjá af Íslandi* hefur að geyma upplýsingar um marga þéttbýlisstaði og nokkrar helstu náttúruperlur landsins.

Samtals voru í lok árs 2007 rúmlega 350 virkir titlar á vef stofnunarinnar auk annars nytsamlegs efnis. Má þar meðal annars nefna um 120 krækjur á margvíslegt efni frá öðrum útgefendum og vefsvæðið *Í dagsins önn* sem tilheyrir vef Námsgagnastofnunar.

FRUMÚTGÁFUR ÁRSINS 2007

Fræðslumyndir

- 45094 Katla gamla
 - 45030 Kristin trú
 - 45095 Vísindaleg aðferð
- Samtals 3 frumútgáfur*

Hlustunarefni

- 9114 Hljóðspor – Hlustunarefni á CD
 - 9091 New Matrix Pre-Intermediate – Audio Class – CD
 - 9810 Right On! Hlustunarefni – CD
 - 9765 Tænk – Hlustunaræfingar – CD
 - 9800 Íslenska nýja málið mitt 1 – CD
 - 9801 Íslenska nýja málið mitt 2 – CD
 - 9798 Lestur og stafsetning 1 – CD
 - 9799 Lestur og stafsetning 2 – CD
 - 9098 Listen first! 3 – CD
- 4 frumútgáfur*
1 titill keyptur frá Oxford University Press
4 endurútgáfur á stafrænu formi
Samtals 8 titlar

Hljóðbækur

- 9154 Ísland – veröld til að njóta – CD
 - 9757 Gyðingdómur – CD
 - 9844 Kæra dagbók – CD
 - 9805 Lukkudýrið – CD
 - 9823 Um stelpur og stráka – CD
 - 9845 Tænk – CD
 - 9796 Bras og þras á Bunulæk – CD
 - 9793 Ilmur – CD
 - 9794 Lífið fyrr og nú – stutt Íslandssaga – CD
 - 9795 Trú, von og kærleikur – CD
- 6 frumútgáfur*
4 endurútgáfur á stafrænu formi
Samtals 10 titlar

Kennaraefni – prentað

- 6013 Að vaxa úr grasi 3 – Kennaramappa
 - 7527 Hljóðspor – Kennarabók
 - 6425 Listen first! – Book 3
 - 7464 New Matrix Pre-Intermediate Teacher's Book
 - 6979 Right On! – Kennarabók
 - 7461 Stærðfræði 8+ – Kennsluleiðbeiningar
 - 6157 Stærðfræði 9+ – Kennsluleiðbeiningar
 - 6152 Bæklingur fyrir stuðningsfulltrúa
 - 6125 Leiðarvísir á kennaranámskeiði í Lions Quest
 - 6093 Geisli pappaform B
 - 6097 Geisli pappaform A
- Samtals 11 frumútgáfur*





Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Stefán Ingi Stefánsson undirrita samstarfssamning Námsgagnastofnunar og UNICEF Ísland um útgáfu námsefnis.

Nemendaefni

- 6041 Að vaxa úr grasi 3 – Allir saman – 1. eining
- 6042 Að vaxa úr grasi 3 – Allir saman – 2. eining
- 6043 Að vaxa úr grasi 3 – Allir saman – 3. eining
- 6044 Að vaxa úr grasi 3 – Allir saman – 4. eining
- 6045 Að vaxa úr grasi 3 – Allir saman – 5. eining
- 6143 Allt getur gerst – Vinnubók
- 6237 Koldt blod – Du er død Tobias
- 6235 Blodhævn
- 6236 Sofies dagbog
- 6237 Nye tricks
- 6238 Onde mobilfotos
- 6243 Koldt blod – De forsvundne børn
- 6966 Átta-tíu 4
- 6970 Átta-tíu 5
- 5729 Hljóðspor, um blús og rokk – Nemendaefni
- 6017 Ísland – veröld til að njóta
- 6155 Í undirdjúpunum – Frádráttur
- 6154 Í undirdjúpunum – Samlagning
- 6609 Kæra dagbók – Nemendabók
- 6962 Komdu og skoðaðu tæknina
- 6675 Kortabók handa grunnskólum
- 6105 Listin að lesa og skrifa – Bakarar
- 6101 Listin að lesa og skrifa – Fía ofur-mús
- 6106 Listin að lesa og skrifa – Í leik
- 6103 Listin að lesa og skrifa – Kafarar
- 6104 Listin að lesa og skrifa – Maurar
- 6102 Listin að lesa og skrifa – Túða og Lúði

6144 Loftur og gullfluglarnir – Vinnubók
 6145 Lukkudýrið – Vinnubók
 5346 Málrækt 2
 6090 New Matrix Pre-Intermediate – Student's Book
 6091 New Matrix Pre-Intermediate – Workbook
 6980 Right On! Vinnubók
 6983 Smábók – Mörkin horfin
 6099 Smábók – TX-10 í fótbolta
 6098 Smábók – TX-10 í skólanum
 6982 Smábók – Vinir Afríku
 6972 Stærðfræði 8+
 6156 Stærðfræði 9+
 6967 Tænk – Nemendabók
 6968 Tænk – Vinnubók A
 6989 Tænk – Vinnubók B
 6056 Þjóðarblómið holtasóley – Þemahefti í náttúrufræði
 6086 Veggsþjald – Fæðuhringurinn
 6606 Veggsþjald í íslensku
 6150 Veggsþjald – Öryggisatriði
 6100 Völusteinn
 6977 Mælingar um víða veröld – Þemahefti
 6129 Greiningarlyklar um smádýr
 9727 Enskir leskaflar
43 frumútgáfur
9 titlar keyptir frá Oxford University Press og Alinea
Samtals 51 titill



Nokkrir titlar úr námsefnisflokknum
 Komdu og skoðuðu.

Spil

6064 Sagnorðaspilið, mál- og talörvunarefni
Samtals 1 frumútgáfa

Vefir

Algebra
 Allir eiga rétt
 Handritin heima
 Ilmur – Vinnubók á vef
 Kortavefsjá af Íslandi
 Lönd heimsins
 Ritfærni
 Vogin
 Write Right 2
 Æfum íslensku
Samtals 10 frumútgáfur

Kennsluleiðbeiningar og lausnir á vef

Átta-tíu 4 – Kennsluleiðbeiningar
 Átta-tíu 4 – Lausnir
 Átta-tíu 5 – Kennsluleiðbeiningar
 Átta-tíu 5 – Lausnir
 Geisli – Hve stórt er stórt? – Kennsluleiðbeiningar

Gullinsnið – Kennsluleiðbeiningar
Gyðingdómur – Kennsluleiðbeiningar
Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera – Kennsluleiðbeiningar
Lesið til skilnings – Kennarahandbók
Tænk – Kennsluleiðbeiningar
Tænk – Lausnir A
Tænk – Lausnir B
Um stelpur og stráka – Kynfræðsla – Kennsluleiðbeiningar
Komdu og skoðaðu tæknina – Kennsluleiðbeiningar
Kennsluhugmyndir með vef Jónasar Hallgrímssonar
Samtals 15 frumútgáfur

Verkefni til útprentunar – PDF

Í undirdjúpunum – Frádráttur
Í undirdjúpunum – Samlagning
Kæra dagbók – Verkefni á vef
Lesið til skilnings – Æfingartextar
Lions Quest – Verkefni um lífsleikni
Óðinn og bræður hans – Kennsluhugmyndir og verkefni á vef
New Matrix Pre-Intermediate – Tests
Snorra saga – Verkefni á vef
Stafræn ljósmyndun – Leiðbeiningar og verkefni
Stafræn ljósmyndun – Nemendaefni
Tænk – Samtalsæfingar
Vinkill 1
Vinkill 1 – Lausnir
Vinkill 2
Vinkill 2 – Lausnir
Völusteinn – Ritunarverkefni
TX-10 í fótbolta
TX-10 í skólanum
Vinir Afríku
18 frumútgáfur
1 titill keyptur frá Oxford University Press
Samtals 19 titlar

Vefur – síútgáfa

Í dagsins önn – Vefur – síútgáfa
Komdu og skoðaðu ... – Vefur – síútgáfa
Samtals 2 titlar



SAMANTEKT

Frumútgáfur

Prentað mál	48 titlar	158.600 eint.
Prentað mál (aðkeypt)	18 titlar	2.592 eint.
Hljóðefni (CD)	19 titlar	4.650 eint.
Fræðslumyndir (VHS/DVD)	3 titlar	170 eint.
Alls	88 titlar	166.012 eint.

Endurútgáfur

Prentað mál	29 titlar	78.950 eint.
Prentað mál (aðkeypt)	2 titlar	4.300 eint.
Alls	31 titill	83.250 eint.

Endurprentanir

Prentað mál	133 titlar	381.025 eint.
Prentað mál (aðkeypt)	47 titlar	22.847 eint.
Hljóðefni (CD)	57 titlar	5.450 eint.
Hljóðefni (aðkeypt)	3 titlar	260 eint.
Fræðslumyndir (DVD)	1 titill	50 eint.
Kennsluforrit	1 titill	100 eint.
Blandaðir miðlar	2 titlar	400 eint.
Alls	244 titlar	410.132 eint.

SAMTALS 365 titlar 659.394 eint.

Rafrænar vefútgáfur

Námsvefir	4 titlar	
Gagnvirkt efni	6 titlar	
Kennsluleiðbeiningar (Pdf)	15 titlar	
Verkefni til útrentunar (Pdf)	19 titlar	
Síutgáfur	2 titlar	
Alls	46 titlar	
SAMTALS	411 titlar	659.394 eint.

Úthlutun námsgagna 2007

	Almennur kvóti	Sérkvóti
Úttektarheimild	304.745.800 kr.	
Heimill flutningur milli kvóta	8.347.500 kr.	8.347.500 kr.
Úttekt á árinu	283.435.590 kr.	10.448.540 kr.
Eintakafjöldi	707.357 eint.	12.313 eint.
Meðalverð pr. eintak	401 kr.	849 kr.

Auk þess voru afgreidd 38.410 eintök utan kvóta.



ÁRSREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2007

Efnaðagsreikningur 31. Desember 2007

	Eignir	Skuldir og eigið fé
Veltufjármunir / skammtímaskuldir	164.179.158	23.445.132
Langtímakröfur / áhættufjármunir	0	
Langtímaskuldir		0
Höfuðstóll		140.734.026
Alls	164.179.158	164.179.158

Rekstrarreikningur fyrir árið 2007

Tekjur

Sala eigna, tilfallandi vörusala	7.939.575
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	1.159.642
Framlög frá A-hluta	7.375.000
Önnur framlög	2.717.504
Ýmsar tekjur	0
Tekjur alls	19.191.721

Gjöld

Launagjöld	124.910.804
Dagvinnulaun	98.726.358
Aukagreiðslur	1.489.246
Yfirvinna	2.913.184
Launatengd gjöld	21.782.016
Rekstrarvörur	53.723.730
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	49.982.196
Byggingavörur almennar	62.413
Tæki og búnaður til innréttinga	0
Ýmis tæki og áhöld	375.660
Viðhalds- og rekstrarvörur	0
Orkugjafar, hiti og rafmagn	1.246.079
Matvæli o.fl.	1.106.254
Fatnaður, lín og hreinlætisvörur	238.291
Umbúðir	712.837

Þjónusta I	166.983.789
Fundir og námskeið	701.225
Risnufé	113.892
Ferðakostnaður innanlands	558.790
Ferðakostnaður erlendis	1.742.870
Leigubifreiðar	75.196
Bílaleigubílar	52.613
Starfsmannabifreiðar	1.555.017
Sérfræðiþjónusta, verkkaup	73.305.438
Prentun, póstur, auglýsingar	88.878.748

Þjónusta II	21.942.769
Afnotagjöld	4.578.181
Leigugjöld	5.590.368
Leiga véla og flutningar	871.082
Verkkaup verkstæði I	5.213.942
Verkkaup verkstæði II	5.689.196

Fjármagnskostnaður, bætur, tryggingar og opinber gjöld	24.844.386
Fjármagnskostnaður	4.671
Áhættutap og bætur	0
Tapaðar kröfur	102.045
Tryggingar	820.870
Opinber gjöld	23.916.800

Eignakaup **1.374.795**

Birgðabreytingar **-4.779.292**

Gjöld alls	389.000.981
Tekjur alls	19.191.721
Gjöld umfram tekjur	369.809.260

